

Byggingarnefnd íþróttamannvirkja í Búðardal
Fundargerð, 7. fundur.

Fundur haldinn í stjórnsýsluhúsinu í Búðardal og fjarfundi 13. apríl 2022. Fundurinn hófst kl. 12:30.

Fundarmenn: Einar Jón Geirsson, Skúli Hreinn Guðbjörnsson, Guðlaug Kristinsdóttir (í fjarfundi), Þuríður J. Sigurðardóttir og Kristján Sturluson. Auk þess sat fundinn Kristján Ingi Arnarsson (í fjarfundi).

1. Alútboð.

Úr fundargerð 218. fundar sveitarstjórnar Dalabyggðar 11.04.2022, dagskrárliður 1:

1911028 - Undirbúningur íþróttamannvirkja í Dalabyggð

Gögn vegna alútboðs lögð fram.

Til máls tóku: Anna, Kristján, Skúli,

Sveitarstjórn felur byggingarnefnd íþróttamannvirkja að ganga frá útboðsskilmálum sem liggja fyrir í samræmi við umræður á fundinum og að auglýsa alútboð í samræmi við þá. Jafnframt er byggðarráði falið að vinna tillögu um skipulag á fjármögnun verkefnisins og ræða við lánveitendur. Samþykkt samhljóða.

Farið yfir alútboðsskilmála og eftirfarandi lagfært:

1. Klórframleiðsla valkostur.
2. Verklök 1. hluta 15.08.2022.
3. Gert ráð fyrir að mögulegt verði að tengja varmadælu við Sundlaug.
4. Verktaki mun þurfa að taka niður hreystibraut og annan búnað á leiksvæði þar sem byggingarreitur er.
5. Krafa um sprinklerkerfi tekin út.
6. Yfirbreiðslur fyrir potta og vaðlaug.
7. Hitastig íþróttahúss 15°C að nóttu og 20°C á daginn.
8. Rafdrifnar hurðir miðast við algilda aðgangshönnun.

Útboðsskilmálar staðfestir fyrir útboð og verða þeir auglýstir eins fljótt og hægt er.

Fundi slitið kl. 13:00.

Fundargerð ritaði Kristján Sturluson

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Einar J. Geirsson, 13.04.2022, kl. 18:45

Skúli H. Guðbjörnsson, 13.04.2022, kl. 18:11

Þuríður J. Sigurðardóttir, 13.04.2022, kl. 19:17

Guðlaug Kristinsdóttir, 13.04.2022, kl. 18:33



SVEITARSTJÓRI
DALABYGGÐAR